

## Landsframleiðsla á 4. ársfjórðungi 2006

Quarterly national accounts, 4th quarter 2006


**Samantekt** Landsframleiðsla er talin hafa vaxið um 2,5% að raungildi á 4. fjórðungi ársins 2006 frá sama fjórðungi árið áður. Þjóðarútgjöld jukust hins vegar meira, eða um 3,2% með tilheyrandi halla á viðskiptum við útlönd. Á tímabilinu var vöxtur í helstu liðum þjóðarútgjalda og er talið að einkaneysla hafi vaxið um 1,2%, samneysla um 2,9% og fjárfesting um 3,4%. Eins og á fyrri fjórðungum ársins mældist samdráttur í útflutningi, nú um 6,4%. Innflutningur dróst saman um 0,6% í kjölfarið á 0,4% vexti í fjórðungnum þar á undan. Árstíðaleiðrétt landsframleiðsla sýnir 1,9% vöxt frá 3. til 4. ársfjórðungs 2006 en 3,1% vöxt frá sama tímabili árið áður.

**Enn vöxtur í helstu liðum þjóðarútgjalda**

Einkaneysla er talin hafa vaxið um 1,2% á 4. ársfjórðungi 2006 frá sama tíma árið áður. Þrátt fyrir að hægt hafi töluvert á vexti einkaneyslu á tveimur síðustu fjórðungum ársins, samanborið við síðastliðin þrjú ár, mældist enn vöxtur í flestum liðum einkaneyslunnar. Samdráttur var þó áfram, þriðja fjórðunginn í röð, í kaupum á ökutækjum, nú 24%. Í fyrsta skiptið síðan á 3. fjórðungi ársins 2002 mældist nú samdráttur í útgjöldum Íslendinga erlendis, eða um 1,6%. Fjárfesting er talin hafa vaxið um 3,4% á tímabilinu. Fjárfesting atvinnuveganna óx um 1,1% og áfram var töluverður vöxtur í íbúðarfjárfestingu, eða um 14,4% frá sama fjórðungi fyrra árs. Fjárfesting hins opinbera er talin hafa dregist saman um 1,7% á sama tímabili. Samneysla óx um 2,9% frá sama fjórðungi árið áður.

### Mynd 1. Landsframleiðsla, breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs

Figure 1. GDP, volume changes on same quarter in the previous year



**Skýring** Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2005 og áætlun fyrir árið 2006. Preliminary figures 2005 and estimated figures 2006.




### Samdráttur í út- og innflutningi

Þjóðarútgjöld eru talin hafa vaxið um 3,2% á 4. ársfjórðungi 2006 frá sama fjórðungi árið áður. Eins og verið hefur á fyrri fjórðungum ársins mældist samdráttur í útfluttri vöru og þjónustu, nú um 6,4%. Til samanburður mældist vöxtur á öllum fjórðungum ársins 2005. Samdráttur, um 0,6%, mældist einnig í innfluttri vöru og þjónustu í kjölfar 0,4% vaxtar á fjórðungnum þar á undan, en allt frá 4. fjórðungi ársins 2004 hafði vöxtur innflutnings mælst í tveggja stafa tölu. Vegna áframhaldandi halla í viðskiptum við útlönd reyndist vöxtur landsframleiðslu nokkru minni en vöxtur þjóðarútgjalda, eða 2,5%.

### Mynd 2. Landsframleiðsla, keðjutengt verðmæti, viðmiðunarár 2000

Figure 2. GDP, chain-volume measures, reference year 2000



**Skýring** Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2005 og áætlun fyrir árið 2006. Preliminary figures 2005 and estimated figures 2006.

### Árstíðaleiðrétt landsframleiðsla

Að teknu tilliti til árstíðabundinna þátta sýna árstíðaleiðréttar áætlanir Hagstofunnar 1,9% vöxt frá 3. fjórðungi til 4. fjórðungs á síðasta ári eftir 0,6% samdrátt á 3. ársfjórðungi 2006 og 0,9% vöxt á öðrum ársfjórðungi. Rétt er að benda á að hér er miðað við vöxtinn frá næsta ársfjórðungi á undan en ekki frá sama fjórðungi fyrra árs eins og gert er þegar árstíðaleiðréttingu er ekki beitt. Árstíðaleiðréttar tölur yfir einkaneyslu benda til lítilllegs vaxtar á 4. ársfjórðungi (0,7%), eftir vægan samdrátt tvo ársfjórðunga þar á undan (0,6% samdráttur á 3. fjórðungi og 0,3% á öðrum). Árstíðaleiðréttar raðir benda einnig til nokkurs viðsnúnings í innflutningi á síðasta ársfjórðungi, eða um 2,6% aukningu frá 3. fjórðungi til 4. fjórðungs eftir 3,7% samdrátt á 3. ársfjórðungi og stöðnun í fjórðungnum þar á undan. Heildarútlutningur stendur nokkurn veginn í stað á 4. ársfjórðungi (0,2% aukning) eftir 6% samdrátt í þeim þriðja. Aukning þjóðarútgjalda mælist 1,2% á 4. ársfjórðungi eftir 0,3% samdrátt á þeim þriðja.

### Endurskoðun fyrri ársfjórðunga

Samhliða birtingu talna fyrir 4. fjórðung ársins 2006 hafa tölur fyrri fjórðunga ársins tekið nokkrum breytingum. Leiðréttingar hafi verið gerðar í flestum undirliðum landsframleiðslunnar, mestar í fjárfestingu, útfluttri og innfluttri vöru og samneyslu. Samkvæmt þeim tölum sem nú liggja fyrir frá Fasteignamati ríkisins reyndist fjárfesting í íbúðarhúnaði á árinu 2006 mun meiri en áður var reiknað með og kemur sú aukning fram í öllum ársfjórðungum. Aukningin er nú talin hafa orðið 5–6% meiri í hverjum ársfjórðungi en áður var talið. Útflutningur og innflutningur á vöru á fyrri fjórðungum ársins tekur nú óvenjumiklum breytingum og er

skýringanna einkum að leita í síðbúnum upplýsingum um mikil kaup og sölu á flugvélum á árinu.

Breyttar aðferðir hafa verið teknar upp við gerð ársfjórðungsreikninga fyrir samneyslu. Endurskoðun á fjármálum hins opinbera aftur til 1997 veldur töluverðum hliðrunum innan ársins bæði í samneyslu og fjárfestingu. Jafnframt breytist landsframleiðslan. Aðrir liðir uppgjörsins eins og einkaneysla hafa einnig breyst nokkuð vegna reglulegrar endurskoðunar en þær breytingar hafa lítil áhrif á raungildi fjárhæða.


Á árinu hafa komið fram óvenju miklar sveiflur í innflutningi á rekstravörum til álframleiðslu. Þessar sveiflur eru langt umfram það sem skýrt verður með framleiðslubreytingum. Þessi munur er jafnaður með því að reikna sérstaka birgðabreytingu á rekstravörum og er leiðrétting tekin inn í birgðabreytingar

*Ítarleg sundurliðun  
birt á netinu*

Ítarlega sundurliðun á ársfjórðungsefninu er að finna á vef Hagstofunnar. Þar er fjárfesting eftir ársfjórðungum sundurliðuð í fjárfestingu atvinnuvega, íbúðarhúsnæði og starfsemi hins opinbera. Útflutningi og innflutningi er skipt upp í vörur og þjónustu. Á netinu er einnig að finna allar fjárhæðir á keðjutengdu verðmæti þar sem árið 2000 er viðmiðunarár.

### Mynd 3. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu, árstíðaleiðrétt

Figure 3. Quarterly GDP volume growth, seasonally adjusted



**Skýring** Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2005 og áætlun fyrir árið 2006. Raunbreytingar frá fyrra ársfjórðungi. Preliminary figures 2005 and estimated figures 2006. Change from the previous quarter.

## English summary

Total domestic expenditure increased by 3.2% in real terms in the 4<sup>th</sup> quarter of 2006 compared with the same quarter of 2005. A decrease in exports of goods and services by 6.4%, partly offset by 0.6% decrease in imports of goods and services, led to a 2.5% growth rate of Gross Domestic Product (GDP).

In the 4<sup>th</sup> quarter of 2006, household final consumption increased by 1.2% from the same quarter of the previous year. Available estimates indicate continued but slower growth in most of the household final consumption components but they still show a decrease in purchases of vehicles, now by 24%, and for the first time since the 3<sup>rd</sup> quarter of 2002, they show a decline in the expenditure of Icelanders abroad, by 1.6%. Government final consumption increased by 2.9% and fixed capital formation (GFCF) by 3.4%, from the 4<sup>th</sup> quarter of 2005.

Seasonally adjusted series show a 1.9% growth in GDP in the 4<sup>th</sup> quarter in 2006 after a 0.6% downturn in the 3<sup>rd</sup> and a 0.9% growth in the 2<sup>nd</sup> quarter. According to seasonally adjusted figures, there was a 0.7% growth in private consumption in the 4<sup>th</sup> quarter and a 2.6% increase in imports after a 3.7% decline in the 3<sup>rd</sup> quarter. The growth rate in exports from previous quarter is virtually zero (0.2%) after a 6% decline in the 3<sup>rd</sup> quarter.

**Tafla 1. Landsframléiðsla eftir ársfjórðungum 2002–2006**  
*Table 1 Quarterly Gross Domestic Product (GDP) 2002–2006*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framléiðsla <i>GDP</i>
<b>Verðlag hvers árs, milljónir króna</b> <i>Million ISK at current prices</i>								
<b>2002</b>	<b>448.100</b>	<b>204.921</b>	<b>146.908</b>	<b>-182</b>	<b>799.748</b>	<b>305.607</b>	<b>-293.084</b>	<b>812.270</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	105.257	49.943	34.495	-339	189.355	75.597	-71.309	193.643
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	113.485	50.396	36.138	-896	199.123	78.495	-75.398	202.220
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	113.006	51.631	38.645	825	204.107	79.996	-75.315	208.789
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	116.352	52.952	37.630	229	207.162	71.520	-71.062	207.620
<b>2003</b>	<b>481.837</b>	<b>217.425</b>	<b>167.861</b>	<b>-1.453</b>	<b>865.670</b>	<b>288.552</b>	<b>-314.514</b>	<b>839.708</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	113.250	53.439	38.337	2.261	207.287	70.906	-67.732	210.461
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	120.386	54.074	40.920	-353	215.026	67.861	-78.602	204.285
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	121.419	54.988	44.966	34	221.407	80.326	-87.568	214.165
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	126.782	54.925	43.639	-3.395	221.950	69.460	-80.612	210.797
<b>2004</b>	<b>530.494</b>	<b>230.858</b>	<b>218.330</b>	<b>-918</b>	<b>978.764</b>	<b>316.903</b>	<b>-369.208</b>	<b>926.459</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	123.480	56.555	47.518	3.412	230.965	73.098	-79.477	224.586
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	132.754	57.765	54.491	-1.108	243.901	75.170	-94.661	224.410
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	132.059	58.753	56.603	-3.595	243.820	90.028	-96.896	236.952
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	142.201	57.785	59.718	374	260.078	78.607	-98.174	240.511
<b>2005<sup>1</sup></b>	<b>610.138</b>	<b>250.963</b>	<b>288.532</b>	<b>-862</b>	<b>1.148.771</b>	<b>324.450</b>	<b>-451.710</b>	<b>1.021.511</b>
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter<sup>1</sup></i>	139.566	60.624	59.134	4.068	263.391	72.842	-95.542	240.690
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter<sup>1</sup></i>	156.030	62.631	67.721	-4.904	281.478	88.264	-116.144	253.599
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter<sup>1</sup></i>	152.762	63.961	81.561	2.093	300.378	87.938	-122.460	265.856
4. ársfj. <sup>1</sup> <i>4th quarter<sup>1</sup></i>	161.780	63.747	80.116	-2.119	303.524	75.406	-117.565	261.366
<b>2006</b>	<b>686.485</b>	<b>280.689</b>	<b>365.571</b>	<b>13.325</b>	<b>1.346.069</b>	<b>372.188</b>	<b>-576.510</b>	<b>1.141.747</b>
1. ársfj. <sup>2</sup> <i>1st quarter<sup>2</sup></i>	160.580	67.736	83.656	3.686	315.657	77.197	-124.476	268.378
2. ársfj. <sup>2</sup> <i>2nd quarter<sup>2</sup></i>	176.413	70.252	90.284	786	337.734	101.918	-157.535	282.117
3. ársfj. <sup>2</sup> <i>3rd quarter<sup>2</sup></i>	170.558	71.037	94.425	6.765	342.786	102.940	-152.071	293.654
4. ársfj. <sup>2</sup> <i>4th quarter<sup>2</sup></i>	178.933	71.664	97.206	2.089	349.893	90.134	-142.428	297.599

**Skýring** *Note:* Fram til 1. ársfjórðungs 2003 ná tölur um birgðabreytingar aðeins til áls og kísiljárns en þá lágu fyrir fyrstu tölur Hagstofunnar um birgðabreytingar í sjávarútvegi og voru þær teknar inn í ársfjórðungstölurnar frá þeim tíma. Birgðabreytingar í sjávarútvegi á árinu 2003 höfðu ekki áhrif á breytingu árstalna. Frá 1. ársfjórðung 2004 hefur Hagstofan tekið inn birgðabreytingar í olíu en fyrir þann tíma lágu þær ekki fyrir. *Up to the first quarter of 2003 changes in inventory only covered changes in aluminium and ferro-silicon. Since then changes in inventory of fish products were also included in quarterly accounts. Changes in inventory of fish products 2003 had no influence on annual figures that year. Since first quarter of 2004 Statistics Iceland has compiled figures for changes in inventory of oil but prior to that no figures were available.*

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

<sup>2</sup> Áætlaðar tölur. *Estimated figures.*

**Tafla 2. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2002–2006**

Table 2. Annual GDP volume growth 2002–2006

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <sup>1</sup> <i>Changes in Inventory<sup>1</sup></i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Raunbreytingar frá sama tímabili árið áður, %</b> <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>								
<b>2002</b>	<b>-1,5</b>	<b>5,3</b>	<b>-14,9</b>	<b>0,3</b>	<b>-2,5</b>	<b>3,8</b>	<b>-2,5</b>	<b>-0,1</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-4,8	3,8	-23,0	1,4	-5,7	3,3	-13,8	1,1
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-2,0	4,4	-15,3	-0,5	-3,9	11,9	2,3	-0,6
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	-0,3	6,2	-11,4	0,2	-1,0	2,2	-3,3	1,5
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,0	6,6	-9,4	0,1	0,3	-1,7	6,6	-2,2
<b>2003</b>	<b>6,2</b>	<b>2,1</b>	<b>12,5</b>	<b>-0,2</b>	<b>6,1</b>	<b>1,6</b>	<b>10,8</b>	<b>2,7</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	6,4	3,5	11,9	1,4	8,1	5,9	1,3	9,8
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	5,3	3,2	12,9	0,2	6,5	-3,8	10,8	0,9
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	5,8	2,4	12,1	-0,3	5,7	4,0	16,4	1,0
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	7,1	-0,5	13,0	-1,9	4,3	0,6	13,8	-0,2
<b>2004</b>	<b>6,9</b>	<b>2,0</b>	<b>28,0</b>	<b>0,1</b>	<b>9,8</b>	<b>8,4</b>	<b>14,4</b>	<b>7,6</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	6,7	2,2	23,6	0,6	9,0	4,9	16,9	4,9
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	6,8	2,7	29,7	-0,3	9,9	6,1	13,8	7,1
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	5,4	2,4	23,1	-1,8	6,5	10,3	7,5	7,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	8,5	0,5	35,5	1,8	13,9	12,2	20,4	11,0
<b>2005<sup>1</sup></b>	<b>12,9</b>	<b>3,7</b>	<b>34,3</b>	<b>0,0</b>	<b>15,5</b>	<b>7,2</b>	<b>29,3</b>	<b>7,2</b>
1. ársfj. <sup>2</sup> <i>1st quarter<sup>2</sup></i>	9,8	2,9	23,2	0,4	11,0	2,1	24,1	3,4
2. ársfj. <sup>2</sup> <i>2nd quarter<sup>2</sup></i>	15,5	3,8	24,7	-1,8	13,2	21,6	27,3	10,1
3. ársfj. <sup>2</sup> <i>3rd quarter<sup>2</sup></i>	14,1	3,4	47,6	2,4	22,0	3,4	34,4	9,9
4. ársfj. <sup>2</sup> <i>4th quarter<sup>2</sup></i>	11,9	4,8	39,4	-1,0	15,6	2,6	30,6	5,2
<b>2006</b>	<b>4,6</b>	<b>2,9</b>	<b>13,0</b>	<b>1,1</b>	<b>7,4</b>	<b>-5,6</b>	<b>8,8</b>	<b>2,6</b>
1. ársfj. <sup>3</sup> <i>1st quarter<sup>3</sup></i>	11,5	3,2	36,3	-0,2	14,8	-0,8	26,8	5,1
2. ársfj. <sup>3</sup> <i>2nd quarter<sup>3</sup></i>	5,0	2,5	18,4	2,2	10,0	-7,3	12,8	2,6
3. ársfj. <sup>3</sup> <i>3rd quarter<sup>3</sup></i>	1,6	2,9	1,5	1,0	2,6	-7,0	0,4	0,5
4. ársfj. <sup>3</sup> <i>4th quarter<sup>3</sup></i>	1,2	2,9	3,4	1,3	3,2	-6,4	-0,6	2,5

Skýring Note: Sjá töflu 1. Cf. table 1.

<sup>1</sup> Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu sama fjórðungs fyrra árs, keðjutengdu verðmæti, viðmiðunarár 2000. The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP in the same quarter of the previous year, chain-volume measures, reference year 2000.

<sup>2</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

<sup>3</sup> Áætlaðar tölur. Estimated figures.

**Tafla 3. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2002–2006, árstíðaleiðrétt**Table 3. *Seasonally adjusted annual GDP volume growth 2002–2006*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Raunbreyting frá sama tímabili árið áður, %</b> <i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>						
<b>2002</b>	<b>-1,5</b>	<b>5,3</b>	<b>-2,5</b>	<b>3,8</b>	<b>-2,5</b>	<b>-0,1</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-4,1	3,8	-6,2	3,1	-11,8	1,4
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-3,0	4,2	-3,8	11,9	2,1	-1,7
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	-0,2	6,2	-1,2	2,4	-4,6	-1,5
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,3	6,8	1,4	-1,5	6,2	1,4
<b>2003</b>	<b>6,2</b>	<b>2,1</b>	<b>6,1</b>	<b>1,6</b>	<b>10,8</b>	<b>2,7</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	4,8	3,4	5,6	5,7	1,3	4,6
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	6,1	3,0	5,9	-3,8	11,5	1,0
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	6,4	2,3	6,3	4,0	17,1	5,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	7,4	-0,2	6,6	0,8	13,2	-0,2
<b>2004</b>	<b>6,9</b>	<b>2,0</b>	<b>9,8</b>	<b>8,4</b>	<b>14,4</b>	<b>7,6</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	6,2	3,3	9,0	4,9	19,1	4,4
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	6,4	2,0	10,2	6,0	13,2	8,1
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	6,2	1,9	6,0	10,4	6,6	7,8
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	8,6	0,7	13,9	12,4	19,4	10,2
<b>2005<sup>1</sup></b>	<b>12,9</b>	<b>3,7</b>	<b>15,5</b>	<b>7,2</b>	<b>29,3</b>	<b>7,2</b>
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter</i> <sup>1</sup>	10,7	1,5	12,1	2,2	18,7	6,8
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter</i> <sup>1</sup>	13,8	4,2	14,1	21,5	29,7	9,4
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter</i> <sup>1</sup>	14,7	3,9	22,1	3,5	36,8	7,0
4. ársfj. <sup>1</sup> <i>4th quarter</i> <sup>1</sup>	12,2	5,4	14,0	2,7	31,6	5,5
<b>2006</b>	<b>4,6</b>	<b>2,9</b>	<b>7,4</b>	<b>-5,6</b>	<b>8,8</b>	<b>2,6</b>
1. ársfj. <sup>2</sup> <i>1st quarter</i> <sup>2</sup>	9,9	3,5	13,0	-0,9	25,2	4,0
2. ársfj. <sup>2</sup> <i>2nd quarter</i> <sup>2</sup>	5,6	2,4	9,3	-7,5	13,1	2,3
3. ársfj. <sup>2</sup> <i>3rd quarter</i> <sup>2</sup>	2,3	2,8	4,2	-7,0	1,0	1,0
4. ársfj. <sup>2</sup> <i>4th quarter</i> <sup>2</sup>	1,2	2,8	3,5	-6,4	-0,7	3,1

Skýring Note: Sjá töflu 1. Cf. table 1.

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.<sup>2</sup> Áætlaðar tölur. Estimated figures.

**Tafla 4. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu 2002–2006, árstíðaleiðrétt**Table 4. *Seasonally adjusted quarterly volume growth in GDP 2002–2006*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Raunbreyting frá fyrra ársfjórðungi, %</b> <i>Percentage change on the previous quarter</i>						
<b>2002</b>						
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-0,7	1,6	-2,1	-1,5	5,9	-2,1
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-0,5	1,1	1,0	0,9	-3,1	0,1
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,7	1,4	1,2	-2,5	3,3	-1,3
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,8	2,5	1,4	1,7	0,2	4,9
<b>2003</b>						
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,8	-1,6	2,0	5,7	1,0	1,0
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,7	0,7	1,3	-8,3	6,6	-3,4
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	2,0	0,7	1,5	5,4	8,5	3,2
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,7	0,1	1,7	-1,4	-3,1	-0,9
<b>2004</b>						
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,6	1,8	4,3	10,0	6,2	5,6
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,9	-0,6	2,4	-7,3	1,4	0,1
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,9	0,6	-2,3	9,7	2,2	2,9
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	4,0	-1,1	9,2	0,4	8,5	1,3
<b>2005<sup>1</sup></b>						
1. ársfj. <sup>1</sup> <i>1st quarter</i> <sup>1</sup>	3,5	2,6	2,6	0,1	5,6	2,4
2. ársfj. <sup>1</sup> <i>2nd quarter</i> <sup>1</sup>	3,8	2,0	4,2	10,2	10,8	2,5
3. ársfj. <sup>1</sup> <i>3rd quarter</i> <sup>1</sup>	2,6	0,3	4,5	-6,5	7,8	0,7
4. ársfj. <sup>1</sup> <i>4th quarter</i> <sup>1</sup>	1,7	0,4	2,0	-0,4	4,3	-0,1
<b>2006</b>						
1. ársfj. <sup>2</sup> <i>1st quarter</i> <sup>2</sup>	1,4	0,7	1,7	-3,4	0,6	0,9
2. ársfj. <sup>2</sup> <i>2nd quarter</i> <sup>2</sup>	-0,3	1,0	0,8	2,8	0,0	0,9
3. ársfj. <sup>2</sup> <i>3rd quarter</i> <sup>2</sup>	-0,6	0,7	-0,3	-6,0	-3,7	-0,6
4. ársfj. <sup>2</sup> <i>4th quarter</i> <sup>2</sup>	0,7	0,4	1,2	0,2	2,6	1,9

Skýring Note: Sjá töflu 1. Cf. table 1.

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*<sup>2</sup> Áætlaðar tölur. *Estimated figures.*

## Hagtíðindi Þjóðhagsreikningar

### Statistical Series *National Accounts*

92. árgangur nr. 23

ISSN 0019-1078

2007:2

ISSN 1670-4657 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4665 (pdf)Verð ISK 500 *Price EUR 7*Umsjón *Supervision* Guðjón Guðmundsson • gudjon.gudmundsson@hagstofa.isSími *Telephone* +(354) 528 1000Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík *Iceland*Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*